

Í byrjun mánaðar

Desember 2003

FRÁ MÓTUN
AÐ MANNVIRKI

AVA – Arkitekta- og verkfræðipjónusta Austurlands, Eskifirði

Í nóvember sl. opnaði AV útibú á Eskifirði í samvinnu við Hnit hf. og Arkþing hf. arkitekta. Útibúinu er ætlað að þjóna Austurlandi með víðtækri verkfræði- og arkitektaráðgjöf. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Geir Sigurpáll Hlökkversson, byggingarverkfræðingur.



Starfsmenn AV við sýnatöku.

Straum- og vatnafræðirannsóknir

Hörn Hrafnadóttir, verkefnisstjóri, hefur staðið í ströngu undanfarið með sínu fólki við Þjórsá. Þar hefur hópurinn verið að vinna við aurburðarmælingar fyrir Landsvirkjun vegna virkjanahugmynda á Neðri-Þjórsársvæðinu. Nýji botnsýnatakin hefur reynt mjög vel við þessar mælingar.



Fjallíð, félag jarð- og landfræðinema HÍ, kom í heimsókn til AV í nóvember.

Nokkrar staðreyndir um AV:

Fjöldi starfsmanna er 62

Fjöldi tæknimanna er 50

Ný frumþáttaskrá að verða til

Í framhaldi af vel heppnuðum morgunfundi Matsdeildar sl. vor fékk deildin Tölvu- og verkfræðipjónustuna til þess að útbúa hugbúnað sem les inn verðlista frá um 30 birgjum. Þeir Auðunn Elíson, byggingafræðingur, Freyr Jóhannesson, matsstjóri, og Ásgeir Ólafsson, orkutækni-fræðingur, hafa haft veg og vanda af þessu verkefni sem tekist hefur með glæsibrað. Nú þegar hafa fjórir aðilar keypt áskrift að frumþáttaskránni. Sjá www.almenna.is.



AV vinnur nú að frumdrögum að mislægum vegamótum Hringvegur og Nesbrautar (Suðurlandsvegur og Vesturlandsvegur). Frekari upplýsingar er að finna á www.almenna.is

Kemst Björn á Ólympíuleikana?

Björn Margeirsson, B.Sc. í vélaverkfræði og frjálssípróttagarpur, hefur tímabundið hætt störfum á AV til þess að helga sig hlaupunum. Hann æfir um þessar mundir í Bandaríkjunum og nýtur meðal annars veglegs stuðnings stofunnar. Markmið Björns er að komast á ÓL í Aþenu 2004 og taka þátt í millivegalengdum. Við óskum honum alls hins besta og bendum á heimasíðu hans: <http://www.bjorn.vefur.com>



Björn á Meistaramóti Íslands 2003.

Gæðamálin

Við vinnum að því hörðum höndum þessa dagana að klára að skilgreina gæðakerfið okkar. Markmiðið er að fá flesta fagbætti á Verkefnastjórnunarsviðinu vottaða snemma á næsta ári og síðan aðra fagbætti á því sviði og öðrum sviðum síðar á árinu. Það er Vottun hf. sem sér um vottunina.

Okkar fólk í Madrid

Unnur H. Kristjánsdóttir og Jón G. Skúlason, verkefnisstjórar á Virkjana- og samgöngusviði, sóttu nýverið ráðstefnu um RCC-stíflur (e. Roller compacted concrete, hnoðsteypa) í Madrid. Þau sendu á ráðstefnuna grein um hönnun RCC-stíflu fyrir Norðlingaölduveitu. Greinina skrifuðu þau í samstarfi við Ernest Schrader ráðgjafa AV. Þau létu vel af ráðstefnuninni en sögðu ýmislegt skorta í tímastjórnun Spánverjanna!

Almenna – “Hollvinur góðar stjórnunar”

Almenna var einn af styrktaraðilum útgáfu á bók Þórðar Víkings Friðgeirssonar um “STJÓRNUN - á tímum hraða og breytinga” sem kom út í október sl. Þeir Hörður Gauti Gunnarsson, sviðstjóri Verkefnastjórnunarsviðs, og Helgi Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, sóttu námskeið sem Þórður bauð upp á í tilefni af útgáfu bókarinnar og voru þeir ánægðir með efnistöð og þá hugmyndafræði sem höfundurinn færir fram. Sannarlega þarft framtak og nauðsynlegt innlegg í nútíma verkefnastjórnun.

Ný tæki:

Cobra bor

Botnsýnataki

Rennslismælir



AV getur nú boðið viðskiptavinum upp á hönnun og prentun kynningarspjalda.



Almenna verkfræðistofan hf.

Fellsmúla 26 • 108 Reykjavík
Sími: 580 8100 • Fax: 580 8101
av@almenna.is • www.almenna.is